

Nr. 21-120 S 077 Ísleifur VE 63***Skipverji slasast á augum***

Skipaskr.nr. 2388
Útgerð: Vinnslustöðin hf.
Smíðaður: Síle, 2000, stál.
Stærð: 1999,8 BT
Mesta lengd: 72,9 m Skráð lengd: 65,18 m
Breidd: 12,6 m Dýpt: 8,4, m
Vél: MaK 4320 kW, 2000
Fjöldi skipverja: 11



Ísleifur©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 30. maí 2022 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Hirti Emilssyni og Geirþrúði Alfreðsdóttur

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 24. júlí 2021 var Ísleifur VE 63 við landfestar í Vestmannaeyjarhöfn í löndun.

Skipverji (vélstjóri) var að vinna við að skipta um rafmagnsrofa fyrir loftpressu í aðaltöflu í vélarúmi þegar tveimur rafmagnsvírur laust saman og myndaðist stór blossi.

Við rannsókn kom fram:

- að straumur var á rafmagnstöflunni þegar unnið var við að skipta um rafmagnsrofann;
- að skipverjinn var búinn að taka bilaða rafmagnsrofann frá, sem var þriggja fasa, og var að setja við þann nýja þegar hann rekur sig í einn rafmagnsvírinn við það hljóp blossi milli tveggja rafmagnsvír;
- að við blossann fékk skipverjinn áverka og ofbirtu í bæði augun (rafsuðublindu);
- að fram kom að ekki hefði verið hægt að taka strauminn af aðaltöflu þar sem verið var að landa úr skipinu;
- að skipverjinn var eina til tvær vikur að jafna sig í augunum eftir atvikið;
- að ekki hafði verið gert áhættumat yfir þessa vinnu.

Nefndarálit:

Orsök slyssins var sú að ekki var tekin straumur af rafmagnstöflunni.